

Nafn:

1. Fyrst spurningar sem þú svarar með texta / útskýringum.
 - a) Hvað merkir hugtakið mól? Hvað eru mörg stk í einu móli?

 - b) Hvað hefur mól að gera með atómmassa / formúlumassa efna?

 - c) Hvað merkir hýdrat jónefnis?

2. Formúlan $n = m / M$ notaðu þessa formúlu.
n = mólafjöldi einingin er mól
m = massi í grömmum
M = mólmassi í g/mól (grömm á mól)
 - a) Hver er mólmassi N_2O_3

 - b) Hvað eru mörg grömm í 5,2 mólum af N_2O_3 ?

 - c) Hvað eru mörg mól í einum lítra af vatni (1000.0 g H_2O) ?

 - d) Ef þú ert með 183.8 g af P_3O_7 hvað eru það mörg mól af efninu ?

3. Notum kalsíum nítrat.

a) Sýndu formúlu fyrir kalsíum nítrat, sýndu líka hvernig þú stillir jónirnar saman. (nota jónatöflu og stilla saman hleðslu jónanna).

Ef þú ert í vafa notaðu þá netið til að finna rétta formúlu þess. Calcium nitrate á ensku

b) Hver er mólmassi kalsíumnítrats, án vatns?

Sýna útreikninga, þú færð ekki fullt fyrir svarið ef þú birtir bara mólmassann án útreikninga.

c) Ef þú ert með 156.8 g af kalsíum nítrati, hvað eru það mörg mól?

d) Hvernig hýdrat myndar kalsíumnítrat? (leita á netinu) Hver er mólmassi hýdratsins? Sýna útreikninga.

e) Hvað er erlent almennt heiti þessa efnis? Hvar er meirihluti þess framleitt?